



Fjallabyggð  
Elías Pétursson, bæjarstjóri  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 7. október 2021  
Tilv.: UMH21090075/10.2

Á 238. fundi Ofanflóðanefndar var fjallað um erindi yðar dagsett 23. september 2021 varðandi stöðu vinnu við endurskoðun hættumats á svæði neðan Stóra Bola á Siglufirði og jafnframt um hugsanlegar úrbætur á varnarmannvirkjum ásamt tímasettri áætlun þar um. Óskað var upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um stöðu vinnunnar við endurskoðun hættumatsins og eftirfarandi svar barst:

*"Eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar 2020 var ákveðið að endurmeta snjóflóðahættu neðan við varnargarða sem reistir hafa verið hér á landi. Í ljós kom á Flateyri að kóf og edlisléttur snjór flæddi yfir varnargarðana og skapaði meiri hættu neðan þeirra en áður hafði verið miðað við. Byrjað verður á slíku endurmati fyrir helstu leiðigarða á landinu og er nú unnið að líkanreikningum sem eru grundvöllur endurmatsins. Drög að endurskoðuðu hættumat fyrir Flateyri voru lögð fram haustið 2020. Miðað er við að endurskoðað hættumat fyrir suðurhluta Sigluffjarðar verði lagt fram á árinu 2022. Bráðabirgðarárýmingarkort fyrir Sigluffjörð var gert eftir snjóflóðin á Flateyri. Unnið var eftir því við rýmingar í janúar og verður notast við það þar til endurskoðun hættumats klárast."*

Þar sem endurskoðun hættumats liggur ekki fyrir og þar með hvort þörf er á styrkingu varna eða umfangi er ekki unnt að svara til um tímasetningar. Verði það raunin er fyrst gerð frumathugun, þá tekur við mat á umhverfisáhrifum, síðan hönnun og gerð útboðsgagna og að lokum útboð og framkvæmd.

Fyrir hönd Ofanflóðanefndar

Sigríður Auður Arnardóttir

Hafsteinn Pálsson

